

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2022
UST202203-011/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka – Skorholtsnáma. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirhugað er að vinna allt að 2,5 milljónum m³ af steinefnum í námunni á næstu 30-40 árum. Efnistaka hefur farið fram á þessum stað frá 1954 og í sömu jarðmyndun er önnur náma, Bakkanáma þar sem gert er ráð fyrir 1,4 milljón m³ efnistöku. Gerð er grein fyrir samlegðaráhrifum í matsskýrslunni.

Hér er um að ræða efnistöku í setmyndun sem ekki telst til jarðmyndana sem njóta sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun tekur undir þau sjónarmið að betra sé að hafa námur stærri og færri og með þeim hætti draga úr umhverfisáhrifum. Hér er um að ræða efnistöku sem standa mun yfir í nokkra áratugi. Gerð er grein fyrir framvindu efnistökkunnar, áfangaskiptingu og loka frágangi svæðisins.

Umhverfisstofnun tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð að þrátt fyrir að tekið verður mikið magn jarðefna úr námunni þá séu umhverfisáhrif efnistökkunnar ekki mikil. Einnig ber að hafa í huga að efnistaka hefur farið fram á þessum stað um langa hríð þannig að umhverfisáhrif eru að hluta fram komin og auðséð hvaða áhrif fylgja áframhaldandi efnistöku.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur